

## SAMÞYKKT

### um þjónustu Húsavíkurkaupstaðar við fatlaða á Húsavíkursvæðinu.

#### 1. gr.

Í samræmi við samning Húsavíkurkaupstaðar og félagsmálaráðuneytisins, dags. 3. janúar 1997, fer bæjarstjórn Húsavíkur með stjórn málefna fatlaðra á Húsavíkursvæðinu sem í samþykkt þessari telst taka til eftirtalinna sveitarfélaga: Húsavíkurkaupstaðar, Ljósavatnshrepps, Bárðdælahrepps, Skútustaðahrepps, Reykdælahrepps, Aðaldælahrepps, Reykjahrepps, Tjörneshrepps, Kelduneshrepps, Öxarfjarðarhrepps, Raufarhafnarhrepps, Svalbarðshrepps og Þórshafnarhrepps.

#### 2. gr.

Félagsmálastofnun sér um að íbúum á Húsavíkursvæðinu sé veitt sú þjónusta sem Svæðisskrifstofu fyrir málefni fatlaðra ber að veita samkvæmt lögum og reglugerðum um málefni fatlaðra.

#### 3. gr.

Svæðisráð í málefnum fatlaðra á Norðurlandi eystra hefur sama hlutverk gagnvart Húsavíkurkaupstað og gagnvart Svæðisskrifstofu fyrir málefni fatlaðra.

#### 4. gr.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins hefur sama hlutverk gagnvart Húsavíkurkaupstað og gagnvart Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra.

#### 5. gr.

Með hliðsjón af samningi Húsavíkurkaupstaðar og félagsmálaráðuneytisins, sbr. 1. gr. þessarar samþykktar, er Húsavíkurkaupstaður undanþeginn skyldu til þess að gera svæðisáætlanir um þjónustu við fatlaða og árlegar fjárlagatillögur.

Samþykkt þessi sem gerð er af bæjarstjórn Húsavíkurkaupstaðar, að undangengnum samningi milli Húsavíkurkaupstaðar og félagsmálaráðuneytis, dags. 3. janúar 1997, sbr. 13. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytinu, 14. apríl 1997.*

**Páll Pétursson.**

*Sturlaugur Tómasson.*